

Úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 22/1995
(Ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 30/1995)

Garnverslunin Storkurinn gegn Samkeppnisráði

I.

Með bréfi, dags. 23. október 1995, hefur Malín Örlygsdóttir fyrir hönd garnverslunarinnar Storksins, skotið [ákvörðun samkeppnisráðs nr. 30/1995](#) frá 4. október 1995 til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Með ákvörðuninni vísaði samkeppnisráð erindi áfrýjanda frá.

Áfrýjandi krefst þess að ákvörðun samkeppnisráðs nr. 30/1995 verði hnekk og samkeppnisráði verði gert að taka erindi hennar til efnismeðferðar.

Samkeppnisráð krefst þess að ákvörðun ráðsins nr. 30/1995, frá 4. október 1995, verði staðfest með vísan til forsendna.

II.

Málavextir eru þeir að með bréfi til fræðsluráðs Verslunarmannafélags Reykjavíkur, dags. 17. janúar 1995, fór áfrýjandi þess á leit að félagið veitti styrk til félagsmanna sinna til að sækja þrjóna- og útsaumsnámskeið hjá áfrýjanda. Beiðni áfrýjanda var ekki samþykkt og var áfrýjanda tilkynnt það með bréfi, dags. 25. janúar 1996.

Með bréfi til Samkeppnisstofnunar, dags. 27. febrúar 1995, kvartaði áfrýjandi yfir mismunun Verslunarmannafélags Reykjavíkur (V.R.) varðandi styrki til námskeiða í hanyrðum.

Kvörtun áfrýjanda var send V.R. til umsagnar, sem kom fram með athugasemdir sínar í bréfi, dags. 18. apríl 1995. Athugasemdir V.R. voru sendar áfrýjanda til umsagnar sem svaraði í bréfi, dags. 2. maí 1995.

Á fundi samkeppnisráðs 4. október 1995 var erindi áfrýjanda tekið fyrir. Í ákvörðun ráðsins nr. 30/1995 segir m.a.:

„Þar sem V.R. stundar ekki atvinnustarfsemi telst félagið ekki fyrirtæki í skilningi samkeppnislaga, sbr. 4. gr. laganna. Þegar þetta er virt verður ekki séð að starfsemi V.R. falli undir ákvæði samkeppnislaga þar sem lögunum er einungis ætlað að taka til þeirra aðila í einkarekstri sem stunda atvinnustarfsemi á viðskiptagrundvelli en félög og samtök sem ekki stunda atvinnustarfsemi, t.d. líknarfélög og stéttarfélög, eru undanþegin ákvæðum laganna.

Auk þess sem að ofan greinir má ljóst vera að V.R. telst ekki opinber aðili í skilningi samkeppnislaga og gilda því úrræði laganna sem lúta að hinu opinbera ekki um starfsemi félagsins...“

III.

Áfrýjandi telur að sú starfsemi V.R. sem hér er til umfjöllunar falli undir samkeppnislög. Áfrýjandi vísar til umsagnar í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga, þar sem segir að frumvarpið taki til allrar atvinnustarfsemi sem fer fram gegn endurgjaldi. Þó að sú starfsemi stéttarfélaga að vera í fyrirsvari í kjarasamningum geti ekki fallið undir samkeppnislög telur áfrýjandi að sá hluti starfsemi stéttarfélags sem viðkemur styrkveitingum falli undir lögin. Sú þjónusta V.R. að veita styrki til námskeiða hjá fyrirtækjum geti ekki annað en fallið undir atvinnustarfsemi. Þá bendir áfrýjandi á niðurstöðu áfrýjunarnefndar í máli nr. 12/1994 þar sem talið var að heilbrigðisþjónusta félli undir lögin, þegar hún væri rekin í samkeppni við þjónustu einkaaðila.

Áfrýjandi bendir enn fremur á að V.R. styrki félagsmenn sína til að sækja þjónanámskeið á vegum Tómskundaskólans, en synji þeim hins vegar um styrk til að sækja þjónanámskeið á vegum áfrýjanda. Að mati áfrýjanda felur fyrrnefnd synjun V.R. í sér samkeppnishindrandi aðgerðir.

Af hálfu samkeppnisráðs er því haldið fram að umrædd styrkveiting falli ekki undir hugtakið atvinnurekstur í skilningi samkeppnislaga.

IV.

Áfrýjandi hefur krafist þess að ákvörðun samkeppnisráðs nr. 30/1995 verði hnekkð og ráðinu gert að taka erindi áfrýjanda til efnislegrar meðferðar.

Fallist er á þau rök samkeppnisráðs að Verslunarmannafélag Reykjavíkur, sem er stéttarfélag í skilningi laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, stundi ekki atvinnustarfsemi í skilningi 2. gr. samkeppnislaga með því að styrkja félagsmenn sína til að stunda þrjónanámskeið hjá tilteknum aðilum í eitt eða fleiri skipti.

Verður því ekki hjá því komist að staðfesta ákvörðun samkeppnisráðs nr. 30/1995 frá 4. október 1995 um að vísa erindi Malínar Örlygsdóttur, f.h. garnverslunarinnar Storksins, dags. 27. febrúar 1995, frá ráðinu.

V.

Úrskurðarorð:

„Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 30/1995 frá 4. október 1995 er staðfest.“